

við breytingartillögnr á þskj. 147 [Eyðing refa og refarækt].

Flutningsm.: Pétur Ottesen.

1. Við II.
 - a. Aðra málsgrein brtt. skal orða svo:
Nú eiga fleiri hreppar afrétt saman eða leitar svæði, og skal þá upp-
rekstrarfélagið eða sameiginlegur fjallskilafundur velja einn eða fleiri menn
til þess að sjá um framkvæmdir þessara mála.
 - b. Fyrir »gren« í þriðju málsgr. kemur: dýr.
2. Við III. a.
 - a. Á eftir orðunum »upprekstrarfélag velur« kemur: eða sameiginlegur fjall-
skilafundur fleiri hreppa.
 - b. Í stað orðanna »er hreppsnefnd teknr gildan« kemur: sem ráðinn
er af sömn aðiljum og skotmaður teknr gildan.
3. Við III. b. Í stað orðanna »Óheimilt er upprekstrarfélags« kemur: Ó-
heimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr.
4. Við V.
 - a. Í stað »upprekstrarfélags« kemur: sveitarfélaga.
 - b. Upphaf annarar málsgreinar skal orða svo: Nú eru yrðlingar teknir í
þeim hluta heimalands, sem ekki er talið til afréttarlands samkvæmt á-
kvæðum fjallskilareglingerðar í hverri sýslu, og skal þá o. s. frv.
5. Við VI. Fyrri málsgrein skal orða svo: Borgun til skotmanns og vöku-
mauns fer eftir því, sem nú semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upp-
rekstrarfélags eða leitar svæðis.
6. Við VII.
 - a. Í stað »eða sveitarsjóðum« í fyrri málsgrein kemur: eða sveitarsjóðum
eða sameiginlegum fjallskilasjóði.
 - b. Aftan við sömn málsgrein bætist: eða leitar svæði.
 - c. Í stað »sveitarsjóð eða sveitarsjóði« í síðari málsgrein kemur: í sveitar-
sjóð, sveitarsjóði eða fjallskila.
7. Við VIII.
 - a. Upphaf tillögunnar skal orða svo: Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir
hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar
málsgreinar 2. greinar.
 - b. Á eftir orðunum »eiga afrétt saman« kemur: eða leitar svæði.
8. Við IX. Í stað »o. fl.« í niðnrlagi tillögunnar kemur: og annað, er
lýtur að eyðing refa.
9. Við X. Aftan við tillöguna bætist: En hitt refaelði, þar sem refir eru aldir
skemmri tíma.
10. Við XI. Orðin »sama gildir nú annað refaelði« falla niðr.
11. Við XIV. Þriðja málsgrein tillögunnar falli burtu.